



ÁRSSKÝRSLA  
2005

fjs

FJÁRSÝSLA  
RÍKISINS







# EFNISYFIRLIT

<b>Formáli fjársýslustjóra</b>	4
<b>Um Fjársýslu ríkisins</b>	6
Hlutverk og stefna	6
Markmið og áherslur	7
<b>Upplýsingakerfi Fjársýslu ríkisins</b>	9
Oracle upplýsingakerfi ríkisins	9
Tekjubókhaldskerfi ríkisins	11
SKIL lána- og innheimtakerfi ríkisins	13
<b>Starfsemin á árinu 2005</b>	15
Umsvif	15
Fjármál	17
Starfsmenn og þróun	18
Kennitölur	19
<b>Ársreikningur 2005</b>	23
Staðfesting ársreiknings	25
Áritun endurskoðenda	26
Rekstrarreikningur	27
Efnahagsreikningur	28
Sjóðstreymi	29
Skýringar með ársreikningi	30

## FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Hér birtist önnur ársskýrsla Fjársýslu ríkisins (FJS). Mikilvægt hlutverk stofnunarinnar er að reka og þjónusta upplýsingakerfi fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Drjúgur hluti af tíma starfsmanna hefur tengst þessum verkefnum, ekki síst í tengslum við endurnýjun á þessum hugbúnaði á síðustu árum. Upplýsingatæknin leikur sífellt stærra hlutverk í samfélaginu og kröfur um aðgengilegar og tímanlegar upplýsingar aukast stöðugt. Í ljósi þessa er efni skýrslunnar að stórum hluta helgað upplýsingakerfum stofnunarinnar.

Í grófum dráttum eru það einkum þrjú hugbúnaðarkerfi sem stofnunin rekur, þ.e. Oracle e-Business Suite (OEB) fyrir fjárhagsbókhald og mannauðsstjórnun, Tekjubókhald ríkisins (TBR) fyrir tekjur ríkisins og SKIL sem er lánakerfi ríkisins.

Árið 2001 festi ríkissjóður kaup á Oracle e-Business Suite hugbúnaði til að annast fjárhagsbókhald og mannauðsstjórnun hjá ríkissjóði, ráðuneytum og ríkisstofnunum. Frá þeim tíma hefur verið unnið að innleiðingu á hugbúnaðinum hjá þessum aðilum. Samhliða því hefur stöðugt verið unnið að frekari þróun á hugbúnaðinum og reynt að aðlaga hann sem best að þörfum ríkisins.

Á árinu 2005 var unnið að síðasta hluta innleiðingarinnar sem var á launagreiðsluhluta kerfisins hjá A-hluta aðilum. Þetta var mjög viðamikil verkefni þar sem ekkert mátti út af bera til að allir fengju greidd sín laun á tilskildum tíma. Innleiðingin náði til um 250 ríkisstofnana og 30.000 launþega. Almenn má segja að vel hafi tekist til. Í árslok 2005 greiddu allir A-hluta aðilar, aðrir en 16 heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, laun sín í nýju kerfi. Innleiðingu hjá þeim var frestað fram á árið 2006.

Þá var fram haldið frekari þróun á fjárhagshluta kerfisins á árinu 2005. Áhersla var lögð á að bæta skýrslugerðarþátt kerfisins. Ríkisreikningur fyrir árið 2004 var fyrsti reikningurinn sem unninn er að öllu leyti innan Oracle kerfisins á árinu 2005. Við þá vinnu komu upp fjölmörg vandamál sem taka þurfti á og leysa í eitt skipti fyrir öll. Segja má að verkinu hafi miðað þokkalega en þó varð nokkur dráttur á útgáfu reikningsins sem kom út í lok septembermánaðar. Sýnt þykir að vinnsla reikningsins verður mun einfaldari í kerfinu við uppgjör ársins 2005.

TBR er eitt af undirkerfum fjárhagsbókhaldsins en þar er haldið utan um almenna innheimtu á sköttum og gjöldum fyrir ríkissjóð, ríkisstofnanir og aðra opinbera aðila. Þróun þess er stöðug og er jafnan nauðsynlegt að aðlaga það breyttum lögum og reglum sem taka gildi hverju sinni. Jafnframt er lögð áhersla á að þróa kerfið með tilliti til almennra breytinga í upplýsingatæknimálum, svo sem rafrænan aðgang almennings að eigin upplýsingum og betri upplýsingar til fyrirtækja.

Rekstur FJS á árinu 2005 var sem næst í samræmi við fjárheimildir ársins. Gjöld umfram sértekjur námu 1.037 millj. kr. og framlag ársins nam 1.040 millj. kr. Tekjuafkoman var því hagstæð um tæpar 3 millj. kr. Rekstrargjöld umfram sértekjur námu 392 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa 483 millj. kr. og stofnkostnaður, sem er að mestu vegna upplýsingakerfa, 161 millj. kr. Starfsmannafjöldinn í lok árs var hinn sami og í byrjun árs eða 72, þar af voru 28 karlar og 44 konur. Starfsmannaveltan nam 11% og er það nokkru hærra hlutfall en verið hefur á liðnum árum.

  
Gunnar H. Hall  
fjársýslustjóri



# UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

## Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

### Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

### Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi, sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þar með talda viðskiptavini, samstarfsaðila og samfélagið í heild.
- Traust og áreiðanleiki við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun og hæfni.

### Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs séu öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

### Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnum ríkissjóðs.





## Markmið og áherslur

### ■ Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að stofnunin veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki með góða sérfræðikunnáttu og með hágæða upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Forysta við þróun og rekstur á nýju fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum verður áfram höfuðverkefni FJS á næstu árum. Hér er um mjög umfangsmikið verkefni að ræða. Hafa þarf í huga að ekki nægir að hafa keypt nýtt verkfæri heldur þarf einnig að tryggja að það verði notað. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með þessari viðamiklu fjárfestingu. Þessu verður aðeins náð með því að fylgja verkefninu eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Þetta er verkefni sem stofnunin leggur mikla áherslu á að koma í fastar skorður.

### ■ Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefnin eru bæði viðtæk og sérhæfð. Lykilárangursþáttur stofnunarinnar er að hún hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir viðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram nýjar og breyttar áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og samsetningu hans og einnig að auka og bæta upplýsingaflæði innan stofnunarinnar.

### ■ Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Mikilvægt er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslu barnabóta, greiðslu reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almennt er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi. Að undanfögnu hefur verið unnið að því móta hugmyndir og leggja grunn að nýjum verkferlum og vinnufyrirkomulagi til að stuðla að bættri meðferð gagna og upplýsinga. Markmiðið er aukin gæði og betri þjónusta.



## UPPLÝSINGAKERFI FJÁRSÝSLU RÍKISINS

### Oracle upplýsingakerfi ríkisins

FJS hefur samkvæmt lögum yfirumsjón með bókhaldi og launavinnslu fyrir ríkissjóð og stofnanir hans. Upphaflega var bókhaldið handfært í bókhaldsbækur og laun handreiknuð. Þegar spjaldatæknin ruddi sér til rúms þá var hún hagnýtt. Upp úr 1964 komu tölvur til sögunnar og fljótlega eftir það lét ríkið smíða ýmis tölvakerfi til að aðstoða við þessar vinnslur. Til að byrja með voru þetta kerfi sem unnu á gataspjöldum, síðar í runuvinnslu, þá í sívinnslu og að lokum að hluta til á vefnum.

Þau kerfi sem hafa verið notuð síðustu áratuginu voru sérsmíðuð hjá Skýrr hf. og voru þau frá upphafi hönnuð sérstaklega til að mæta kröfum og þörfum ríkisins:

1976	LAR (Launakerfi ríkisins)
1986	BÁR-ST (Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins)
1988	BÁR-ET (Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins fyrir einmenningstölvur)
1992/3	SKIL (Lánakerfi ríkisins)

Þessi kerfi voru í stöðugri þróun og þjónuðu vel þörfum ríkisins fram undir lok síðustu aldar en þá þótti tímabært að huga að endurnýjun þeirra. Mörkuð var sú stefna að taka upp stöðluð kerfi frekar en að halda áfram þróun sérsmíðaðra lausna. Í framhaldi af því var efnt til útboðs á árinu 2001. Eftir ítarlegan samanburð var ákveðið að velja Oracle e-Business Suite fjárhags- og mannauðskerfi (OEBS) og í júlí 2001 var undirritaður samningur við Skýrr hf. um kaup á notendaleyfum og innleiðingu á kerfinu.

### Innleiðing á fjárhags- og mannauðshluta kerfisins

Innleiðing á kerfinu hófst í beinu framhaldi af undirritun samninga. Eitt af markmiðunum var að greina og setja upp staðlaða uppsetningu fyrir fjárhags- og mannauðskerfið. Lögð var áhersla á að hafa uppsetninguna það sveigjanlega að hún hentaði jafnt stórum sem smáum stofnunum.

**a) Fjárhagsbókhald.** Byrjað var á að þróa uppsetningu fyrir þrjár deildir á Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi. Í framhaldi af því var tekið til við frekari innleiðingu á deildum spítalans og hjá Háskóla Íslands. Í næsta áfanga þar á eftir hófu 45 stofnanir að færa bókhald sitt í kerfinu frá ársbyrjun 2003. Margvísleg vandamál sem tengdust því orsökuðu að hægja varð tímabundið á innleiðingu hjá öðrum stofnunum. Í ársbyrjun 2004 byrjaði FJS með allt sitt fjárhagsbókhald og greiðslukerfi í OEBS, en það telur þjónustu fyrir um 115 ríkisstofnanir. Samhliða því var fram haldið innleiðingu á kerfinu hjá öðrum ríkisstofnunum og í árslok 2004 var fjárhagsbókhaldið komið í gagn við nánast hjá öllum ríkisstofnunum sem hyggjast nýta kerfið.

**b) Mannauðshluti.** Þessi þáttur kerfisins er samsettur af nokkrum kerfishlutum, svo sem starfsmannahluta, launahluta, fræðslu- og starfsþróunarhluta, ráðningarhluta og vaktáætlunar- og viðverukerfi. Í starfsmannahlutanum liggja fyrir viðtækar starfsmannupplýsingar þar á meðal upplýsingar um launakjör sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að annast launagreiðslur til starfsmanna. Vinna við að koma upplýsingum um starfsmenn inn í nýja launakerfið var tímafrek, þar sem auk upplýsinga úr eldra launakerfinu eru gerðar kröfur um upplýsingar sem ekki hafa áður legið fyrir um starfsmenn. Áður en farið var að reikna í nýja launakerfinu voru upplýsingar keyrðar úr launagreiðsluhluta Oracle yfir í gamla launakerfið þar sem launaútreikningurinn var gerður. Þar með fékkst prófsteinn á það hvort upplýsingar í starfsmannakerfinu uppfylltu þarfir launaútreikningsins. Óhjákvæmilegt var að auki að samkeyra nýja og gamla launakerfið um ákveðinn tíma til að tryggja að útreikningar væru réttir. Samhliða þessu var smíðað sérstakt vakta- og viðverukerfi

hjá Skýrr hf. til að halda utan um ýmsar upplýsingar um starfsmenn, svo sem tímaskráningu, réttindi, veikindi og orlof. Vaktahluti kerfisins býður upp á gerð vaktaáætlana hjá stofnunum þar sem það á við. Upplýsingar úr þessu kerfi flæða síðan inn í launagreiðsluhluta kerfisins.

Öllum ríkisaðilum í A-hluta er gert að taka upp launahluta kerfisins. Innleiðing hans hófst í október 2004, en þá voru laun FJS og tveggja annarra stofnana keyrð í nýju launakerfi. Í útborgun 1. júlí 2005 var búið að flytja launagreiðslur allra stofnana úr gamla launakerfinu yfir í launakerfið í Oracle. Einu stofnanirnar í A-hluta fjárlaga sem laun voru ekki greidd fyrir, eru heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, en þær hafa fram að þessu séð sjálfar um sínar launagreiðslur. Vinna við innleiðinguna hefur ekki gengið þrautalaust, en með góðri samvinnu við launaafgreiðslumenn í stofnunum og sérstakar launadeildir má segja að hún hafi gengið mjög þokkalega.

Eftir að samningar um kaupin voru undirritaðir var kerfið bæði í rekstri og þróun hjá Skýrr hf. Á fyrri hluta árs 2002 var efnt til útboðs á rekstri hins nýja kerfis. Hagstæðasta tilboðið kom frá EJS hf. og var gerður samningur við fyrirtækið til sex ára um rekstrarþjónustu á kerfinu.

## ■ Kerfið

Einn af höfuðkostum OEBS kerfisins er að það er samþætt kerfi sem nær til nánast allra þátta í fjármálum og starfsmannahaldi stofnana og að auki á ríkið rétt á fjölmörgum kerfishlutum sem hugsanlega geta nýst í framtíðinni.

Helstu kerfishlutar sem ríkið og stofnanir þess nota núna eru eftirfarandi:

**a) Fjárhagskerfi.** Flestar stofnanir nota fjárhagskerfið sem er í reynd kjarni kerfisins. Þar er að finna kerfishluta, s.s. fjárhagsbókhald, fjárheimildir, viðskiptaskuldir, viðskiptakröfur og eignakerfi. Að auki býður það upp á útskrift á sölureikningum, greiðsluseðlum, innheimtuumsýslu og öll samskipti við banka, þ.e. bæði inn- og útborganir. Allir kerfishlutar eru samþættir og upplýsingar flæða greiðlega á milli kerfishluta. Í árslok 2005 hafa 136 ríkisstofnanir tekið þennan kerfishluta í notkun. Jafnframt nýtir FJS hann til að annast bókhaldið fyrir samtals 111 ráðuneyti og stofnanir auk ríkissjóðs. Á árinu 2005 var ríkisreikningur fyrir árið 2004 í fyrsta sinn unninn í kerfinu að öllu leyti.

**b) Mannauðskerfi.** Allar A-hluta stofnanir ríkisins munu nýta mannauðskerfið sem samanstendur af launagreiðsluhluta og starfsmannakerfi. Með þessu bjóðast stofnunum ýmis ný verkfæri til starfsmannastjórnunar, svo sem starfsmannahaldskerfi, starfsþróunar- og fræðslukerfi, vakta- og viðverukerfi.

Í árslok 2005 voru greidd laun til starfsmanna allra A-hluta stofnana annarra en hjá heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins. Auk þess voru greidd laun til nokkurra B- og C-hluta stofnana í gegnum Oracle launakerfið.

**c) Vörustýring.** Fyrir þær stofnanir sem þurfa vörustýringarluta er til staðar öflug lausn sem samanstendur af nokkrum kerfishlutum. s.s. framleiðslukerfi, pantanakerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi og sölukerfi. Rík áhersla er lögð á rafræn viðskipti og verður kerfið m.a. tengt rafrænu markaðstorgi ríkisins (RMR). Verið er að leggja lokahönd á að taka á móti og senda reikninga á rafrænu formi.

Tiltölulega fáar ríkisstofnanir nýta þennan kerfishluta enn sem komið er, en þar ber helst að telja Landsspítala-Háskólasjúkrahús, Vegagerðina og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Óvíst er í hve miklum mæli stofnanir munu setja upp þennan kerfishluta en það kann að aukast með auknum möguleikum til rafrænna innkaupa.



**d) Verkbókhald.** Í kerfinu er að finna öflugt verkbókhaldskerfi fyrir stofnanir sem hafa sérstaka þörf fyrir verkbókhald. Í þessu samhengi er þó rétt að benda á mun einfaldari leið fyrir stofnanir sem aðeins vilja skrá kostnað á verk en það er hægt að leysa í fjárhagsbókhaldinu. Stærsti notandinn er Vegagerðin og byggjast fjárhagsupplýsingar stofnunarinnar að miklu leyti á upplýsingum frá þessum kerfishluta.

**e) Eignakerfi.** Eignakerfið er meðal grunneininga kerfisins og verður það nýtt til að halda almenna eignaskrá fyrir stofnanir og ríkissjóð. Kerfið var sett upp til reynslu hjá fjórum ríkisstofnunum en verður síðan innleitt í áföngum hjá öðrum ríkisstofnunum. Gert er ráð fyrir að innleiðingu þess verði lokið í árslok 2006.

### ■ Frekari þróun og fræðsla

Innleiðingu á kerfinu er að mestu lokið og eru notendur að grunnkerfinu í árslok um 2.100, í sjálfsafgreiðslu eru notendur rúmlega 10.000 og launþegar í kerfinu eru um 30.000. Að taka í notkun nýtt kerfi reyndist mörgum notendum erfitt en í dag eru flestir þeirra komnir yfir þann hjalla. Í framhaldinu þarf að efla þekkinguna með námskeiðum og fræðslu þar sem fléttuð verður saman kennslu á kerfið og vinnuaðferðum við að leysa tiltekin verkefni. Dæmi af þessu tagi eru námskeið sem FJS hélt fyrir fjármálastjóra í nóvember og desember sl. um hvernig standa skuli að ársuppgjöri. Þar var sjónum ekki aðeins beint að því að kenna á kerfið heldur einnig farið yfir ýmis atriði sem varða uppgjörið og hvernig það sé framkvæmt í kerfinu. Ráðgert er að huga að svipuðum námskeiðum varðandi bókanir, greiðslur, launaafgreiðslu o.s.frv.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið að frekari þróun til að hagnýta þá möguleika sem kerfið býður upp á. Í því samhengi má nefna rafræn viðskipti, rafræna launaseðla, sjálfsafgreiðslu starfsmanna o.m.fl.

## Tekjubókhaldskerfi ríkisins

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) heldur utan um innheimtu vegna álagningar skatta og gjalda fyrir hönd ríkissjóðs, ríkisstofnana og annarra opinberra aðila. Kerfinu berast innheimtukröfur frá fjölmörgum opinberum álagningarkerfum. Helstu flokkar innheimtukrafna eru skattar og önnur lögboðin gjöld ríkis (ríkissjóðstekjur) og sveitarfélaga (útsvar og fasteignagjöld). Í kerfinu er einkum unnið að móttöku álagningargagna og greiðslumóttöku ásamt skuldajöfnuði, vaxtaútreikningi, innheimtu- og vanskilaaðgerðum, álagningu í tilteknum gjaldflokkum, eftirliti með bókun og fjárhreyfingum auk skila á bókhaldsupplýsingum til aðalbókhalds.

TBR er meðal stærstu hugbúnaðarkerfa sem hafa verið sérsníðuð hér á landi og var það gert af Skýrr hf. sem annast jafnframt rekstur þess og þróun. Fyrstu hlutar kerfisins voru teknir í notkun árið 1999. Kerfið leysti af hólmi eldra kerfi, TBI sem er frá árinu 1981, en það er þó rekið áfram samhliða vegna eldri innheimtumála þar til óhætt þykir að leggja það alfarið niður.

Meginkröfur sem gerðar eru til TBR eru eftirfarandi:

- Að halda með heildstæðum hætti utan um álagningu, innheimtu og afskrift tekjuliða fyrir ríkissjóð og aðra opinbera aðila.
- Að halda utan um allar færslur, aðgerðir og athugasemdir sem tengjast innheimtunni og tryggja rekjanleika mála.
- Að sjá um einstakar vinnslur varðandi framkvæmd álagningar, innheimtu, bókunar og bókhaldsskila.
- Að vinna úr og veita upplýsingar til notenda kerfisins, ráðuneyta, stjórnsýslustofnana og sveitarfélaga.
- Að vera undirbókhald vegna skatttekna og annarra ríkissjóðstekna og skila upplýsingum til aðalbókhalds ríkisins.

TBR kerfið er sívinnslukerfi á landsvísu, sem þýðir að allir notendur geta séð upplýsingar frá öðrum notendum kerfisins. Þannig getur innheimtuaeðili t.d. séð allar kröfur uppfærðar til dagsins í dag á viðkomandi gjaldanda á einu sundurliðuðu viðskiptayfirliti.

Notendur TBR dreifast um allt land og skiptast þeir í aðalatriðum í fimm hópa eftir ábyrgðarsviðum eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

Helstu notendur TBR				
Umsjónarmenn álagningar/álag.n.kerfi	Innheimtumenn ríkissjóðs	Eftirlitsaðilar	Stofnanir með innheimtu lögboðinna gjalda í TBR	Umsjónar- og rekstraraðilar
Tollstjórar	Tollstjórinn í Reykjavík	Ríkisendurskoðun	Landspítali- Háskólasjúkrahús	Fjársýsla ríkisins
Ríkisskattstjóri	Sýslumenn	Fjármálaráðuneyti	Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu	Skýrr hf
Skattstofur Yfirskattanefnd Lögregluembætti Ríkislögreglustjóri	Lögreglustjórinn í Reykjavík	Fjársýsla ríkisins Skattrannsóknarstjóri Ríkisskattstjóri Tollstjórinn í Reykjavík	Umhverfisstofnun Yfirdýralæknir Vinnueftirlit ríkisins	
Fangelsismálastofnun			Geislavarnir ríkisins Fjármálaeftirlitið	

Í árslok 2005 var fjöldi notenda skráður 771 hjá 78 starfsstöðum. Aðgangi að kerfinu og upplýsingum þess er stýrt með aðgangskerfi og er aðgangur í öllum tilvikum takmarkaður við starfsvettvang viðkomandi notanda. Fjöldi gjaldflokka í kerfinu eru nú 114 talsins og innheimtutegundir eru 1.333, en álagningartegundir eru nokkrar þúsundir.

Kerfið samanstendur af mörgum kerfishlutum sem tengjast náið innbyrðis auk þess að sækja beint upplýsingar í önnur landskerfi. Upplýsingar flæða sjálfvirk á milli kerfishluta. Verður hér fjallað stuttlega um hvern kerfishluta.

**a) Álagningarkerfi TBR** heldur utan um álagningu skatta og gjalda sem ekki er framkvæmd í öðrum álagningarkerfum, en varða innheimtu fyrir ríkissjóð, stofnanir eða sveitarfélög.

**b) Viðskiptamannakerfi TBR** heldur utan um stöðu viðskiptamanna/gjaldanda úr öllum innheimtakerfum á einum stað. Meginhlutverk þess er að sýna notendum heildarmynd af stöðu gjaldanda, þ.e. sundurliðaða stöðu á kennitölu eftir innheimtuembættum, gjaldflokkum og tímabilum. Í dag geta gjaldendur nálgast sundurliðaðar upplýsingar um eigin skuldastöðu í einstökum gjaldflokkum með rafrænum hætti í gegnum vefsetur RSK.

**c) Greiðslukerfi TBR** heldur utan um allar greiðslur sem inntar eru af hendi hjá innheimtuaeðilum. Greiðslukerfið er í notkun hjá öllum gjaldkerum innheimtuembætta og þar fer fram móttaka á greiðslum inn í öll innheimtakerfi ríkisins sem skila stöðuuplýsingum inn í kerfið.

**d) Bankagreiðslukerfi TBR** er notað til afstemmingar á gíróreikningum ríkissjóðs vegna innheimtu á sköttum og gjöldum með gíróseðlum/greiðluseðlum. Í tilvísunarskrá kerfisins eru upplýsingar um alla greiðsluseðla/gíróseðla sem sendir eru út vegna krafna í TBR-I og U-RSK. Hér er um að ræða upplýsingar um stýrirönd (OCR-rönd) þ.e. hvert eigi að stýra greiðslum frá Reiknistofu bankanna (RB) en greiðslum er stýrt inná þann reikning í TBR-I er hefur að geyma kröfuna sem verið er að greiða.

Í bankagreiðslukerfinu er innbyggt tékkaeftirlitskerfi sem heldur utan um alla tékka sem gefnir eru út í TBR vegna útborgunar á barnabótum, vaxtabótum, ofgreiddri staðgreiðslu og öðrum inneignum.

**e) Innheimtakerfi TBR** heldur utan um kröfur sem eru til innheimtu frá mörgum álagningarkerfum t.d. álagningarkerfi TBR, Tollakerfi, Virðisaukaskattskerfi, Staðgreiðslukerfi RSK, Trukki o.fl.



Hér fæst sundurliðað yfirlit yfir allar hreyfingar á hvern gjaldanda í öllum gjaldflokkum. Unnt er skoða gögn frá mörgum sjónarhornum, haldið er utan um sögu innheimtuaðgerða, hægt er að handskrá athugasemdir og í dagbók kerfisins er unnt að skoða allar hreyfingar í kerfinu fyrir hvern dag og fyrir hvert innheimtuembætti.

**f) Vanskilakerfi TBR** heldur utan um allar vanskilaaðgerðir og vanskilamerkingar á gjaldföllum skuldum í þeim innheimtukerfum er senda stöðuupplýsingar til viðskiptamannakerfis TBR. Í vanskilakerfinu eru unnar greiðsluáskoranir, aðfararbeiðnir, greiðsluáætlanir, nauðungarsölubeiðnir, gjaldþrotaskiptabeiðnir, kröfúlýsingar í bú, afskriftir o.fl.

**g) Bókhaldskerfi TBR** gegnir tveimur meginhlutverkum, að skila færslum til aðalbókhalds ríkisins með reglubundnum hætti og standa skil á upplýsingum til ráðuneyta, innheimtumanna ríkissjóðs, skattyfirvalda, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Kerfið er grunnur reikningsskila fyrir:

- **aðalbókhald ríkisins** á tekjum, innheimtu, afskriftum og eftirstöðvum
- **innheimtuaðila**, bæði sem umsjónarmenn kröfu og framkvæmdaraðila
- **skattyfirvöld** varðandi álagningu, áætlanir og breytingar
- **rétthafa** skatta og gjalda

Eðli máls samkvæmt þarf TBR-kerfið að eiga mikil rafræn samskipti við önnur upplýsingakerfi. Má þar nefna landskerfi eins og þjóðskrá, fyrirtækjaskrá, skipaskrá, ökutækjaskrá, landsskrá fasteigna, tollakerfi og öll álagningarkerfi skatta. Þá hefur á undanförunum tveimur árum verið unnið að aukinni rafrænni stjórnýslu með hagnýtingu netsins. Markmiðið er bætt þjónusta og aukin skilvirkni fyrir stjórnýsluna og samfélagið í heild.

Kerfið nýtir vefbanka bankakerfisins og þar með aðgangskerfi þeirra með því að senda allar nýjar kröfur í vefbankana ásamt eldri eftirstöðvum og hefur gjaldendum verið gert kleift að skoða greiðslustöðu sína í TBR í gegnum aðgangsstýrt vefsetur RSK. Á þennan hátt hefur verið opnað fyrir sjálfsafgreiðlu gjaldanda. Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði unnið frekar að þessari þróun með það að markmiði að skila bættri þjónustu við almenning.

## SKIL lána- og innheimtukerfi ríkisins

SKIL er lána- og innheimtukerfi ríkisins sem var tekið í notkun á árunum 1992-3. Kerfið var sérsmíðað og próað í samvinnu Skýrr hf. og FJS og hefur síðan þjónað sem lánakerfi hjá A-hluta ríkissjóðs. Auk FJS hefur kerfið verið notað af Seðlabanka Íslands til að halda utan um erlend lán ríkissjóðs og Lánasýslu ríkisins vegna hluta veittra lána auk markaðsbréfa fyrir ríkissjóð. Segja má því að lán A-hlutans séu vistuð í þremur aðskildum SKIL-verkum og eru upplýsingarnar sameinðar þaðan inn í fjárhagsbókhald ríkisins.

Kerfið var próað sem undirkerfi fjárhagsbókhalds ríkisins, BÁR, og sendi upplýsingar þar inn með vélrænum hætti sem var oftast daglega. SKIL heldur utan um lán með hefðbundnum hætti, reiknar vexti, vísitölu- og gengisuppfærslur o.s.frv. Viðhalda þarf ýmsum upplýsingum inni í kerfinu eins og vöxtum, gengi, vísitölum o.þ.h. Allt þetta er handsett inn í kerfið við breytingar nema gengið. Gengið kemur inn vélrænt frá Seðlabanka Íslands einu sinni á dag. Þá þarf að viðhalda bóknarlyklum, setja inn ný lán o.s.frv. Varðandi innheimtu veittra lána þá eru sendir út gíröseðlar sem framkallast beint úr kerfinu eftir gjalddögum. Tekin lán eru greidd og má sjá í sérstökum myndum hvaða lán eru á gjalddaga og eru þau síðan tekin í greiðslumeðferð. Samspil er milli RB og ríkissjóðs þannig að gíröseðlar úr SKIL sem innheimtir eru í banka framkalla færslur beint inn í SKIL að afloknum degi. Eftir að Oracle-kerfið tók við fjárhagsbókhaldi ríkissjóðs af BÁR skila færslur úr SKIL sér ekki lengur beint inn í aðalbókhaldið með sjálfvirkum hætti, heldur þarf að

stýra þeim þangað með vérlænum millifærslum sem eru útbúnar sérstaklega. Yfirfærslur úr SKIL í aðalbókhald ríkisins frá Lánasýslu og Seðlabanka á lánum vegna ríkissjóðs fara fram einu sinni í mánuði í Oracle-kerfið með þar til gerðri brú.

Auk þess að halda utan um veitt og tekin lán hefur SKIL verið nýtt til að halda utan um ýmis konar reikninga og innheimtu með greiðsluseðlum. Þar hefur einnig verið innheimt húsaleiga með tengingu við launakerfi ríkisins þar sem það hefur getað átt við, þ.e.a.s. leiga dregin af launum hjá ríkisstarfsmönnum sem framkallar færslur um SKIL til fjárhagsbókhaldsins. Einnig er innheimt húsaleiga með millifærslum til stofnana. Í kerfinu eru líka svokallaðar skuldaviðurkenningar og innheimta á þeim. Skuldaviðurkenningar eru nánast eins og veitt stutt lán en þær eru vegna aðflutningsgjalda hjá innheimtuembættum. Loks eru í kerfinu ýmsir samningar sem tengjast kaupum og sölu á eignum.

Fleiri stofnanir notuðu kerfið í upphafi, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, Lífeyrissjóðir ríkisins, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Jarðasjóður. Reykjavíkurborg notaði kerfið einnig fyrir a.m.k hluta af lánum sínum. Nú hafa Lífeyrissjóðirnir, LÍN og Reykjavíkurborg flutt sig yfir í önnur lánakerfi.

SKIL er nú orðið elst af þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun hjá FJS og hefur það þjónað sínu hlutverki ágætlega. Því er ekki að neita að kerfið er barn síns tíma og er fjarri því að vera aðgengilegt nýjum notendum. Sífellt verður erfiðara að viðhalda því og er tímabært að huga að nýju kerfi sem uppfyllir betur þarfir nútímans og tengingar við önnur upplýsingakerfi.





## STARFSEMIN Á ÁRINU 2005

### Umsvif

Í ársbyrjun 2005 undirrituðu fjármálaráðuneytið og FJS árangursstjórnunarsamning. Þar er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar og samskiptaferli milli hennar og ráðuneytisins fest í sessi. Jafnframt er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila við útfærslu á lögbundnu hlutverki og verkefnum stofnunarinnar ásamt því að samningurinn leggur grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2005 og er gildistíminn fimm ár.

Ríkisreikningur fyrir árið 2004 var lagður fram í lok september 2005. Var það í fyrsta skipti sem samstæðan fyrir ríkissjóð og reikningurinn í heild var unninn í nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins Oracle.

Auk hefðbundinna verkefna stofnunarinnar á árinu 2005 má nefna útgáfu á fyrstu ársskýrslu stofnunarinnar, endurskoðun á vefsíðu hennar og frekari vinnu við innleiðingu og þróun upplýsingakerfanna.

**Ársskýrsla.** FJS gaf út sína fyrstu ársskýrslu á árinu 2005 vegna ársins 2004. Samkvæmt árangursstjórnunarsamningnum ber stofnuninni að gera ársskýrslu og skila til fjármálaráðuneytis í mars ár hvert. Skýrslan gefur aðeins grófa mynd af því umfangsmikla starfi sem fram fór í stofnuninni á árinu 2004 en þar gefur að líta yfirlit um skipulag hennar og starfshætti ásamt helstu verkefnum.

**Vefsíða FJS.** Unnið var að nýrri útgáfu af vefsíðu stofnunarinnar á árinu. Sú fyrri var endurskoðuð og gerðar viðamiklar breytingar á útliti hennar. Með nýrri útgáfu af síðunni gefst meðal annars færi á að auka notagildi hennar þar sem unnt verður að beita aðgangsstýringu innan síðunnar.

Þróun, rekstur og þjónusta við upplýsingakerfi fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir tekur drjúgan hluta af starfstíma margra starfsmanna hjá FJS. Mikilvægt markmið á árinu 2005 var að ljúka innleiðingu á stórum hluta af Oracle kerfinu. Var þar einkum horft til þess að gera ríkisreikning í fyrsta sinn upp í fjárhagsbókhaldi kerfisins og taka launagreiðsluhluta kerfisins í notkun hjá öllum stofnunum. Það gerði það að verkum að notendum kerfisins fjölgaði verulega á árinu og voru skrðir notendur í grunnkerfum 2.084 í árslok.

**Mannauðskerfi OEBS.** Í árslok var innleiðingu á launa- og starfsmannahluta kerfisins að mestu lokið. Eftir stóðu þó heilbrigðisstofnanir utan Reykjavíkur en þær hafa notað svokallað H-launakerfi. Innleiðing á mannauðshlutanum tókst ágætlega en reyndi þó verulega bæði á starfsmenn FJS og annarra stofnana. Ný kerfi kalla ávallt á breytt vinnubrögð og voru nokkrar breytingar gerðar á vinnuferlum við launaafgreiðsluna frá fyrra fyrirkomulagi. Má þar nefna að áður fyrr fylltu stofnanir í mörgum tilvikum út eyðublöð sem þær sendu til launaafgreiðslu FJS sem síðan sá um innsetningu þeirra í (gamla) launakerfið en nú annast stofnanirnar sjálfar skráningu eigin upplýsinga beint inn í kerfið. Þá var launakeyrlum fækkað með nýju launakerfi og eru þær nú mánaðarlega í stað vikukeyrla áður. Allar launavinnslur ársins voru unnar á réttum tíma og ekki kom til þess að starfsmenn fengu ekki greidd laun á tilskyldum tíma. Hins vegar hefur orðið nokkur töf á skýrslugjöf úr kerfinu og þar með að gögnum væri skilað á réttum tíma til lífeyrissjóða og Kjararannsóknar opinberra starfsmanna. Lokið var vinnu við launaáætlanagerfi og ferðauppgjörskerfi á árinu og fóru þau kerfi í tilraunarekstur í lok ársins.

**Fjárhagur OEBS.** Fjárhagskerfið er sá kerfishluti sem lengst hefur verið í notkun. Stöðugt er unnið að því að bæta rekstur og gæði kerfisins. Mikil vinna hefur verið lögð í að setja upp og skipuleggja nýja verkferla, breyta vinnubrögðum, flýta skráningarferli og læra betur á kerfið. Útbúin voru ýmis Excel skjöl sem FJS og stofnanir geta nýtt sér fyrir millifærslur og ýmsa leiðréttingavinnu.

Færslurnar eru síðan fluttar vélrænt yfir í Oracle í gegnum svokallað ADI. Þessar breytingar hafa flytt töluvert fyrir allri bókun og afstemmingum. Þá var sérstakur dreifingarstjóri tekinn í notkun sem gerir kleift að keyra skýrslur utan álagstíma og senda þær notendum í tölvupósti og/eða vista þær í sjálfsafgreiðslu notenda. Einnig fór mikil vinna í að endurgera rafrænan samþykktarferil en ekki tókst að ljúka því verkefni og koma í rekstur á árinu. Í viðskiptakröfum var unnið að því að gera kleift að senda greiðsluseðla til RB og taka á móti innborgunum.

**Eignakerfi OEBS.** Hafin var undirbúningsvinna við að setja upp eignahluta Oracle-kerfisins. Til að ryðja brautina voru eignir fjögurra stofnana fluttar úr eldra eignakerfi yfir í það nýja. Kerfið var síðan í tilraunarekstri út árið en áformað er að innleiða kerfið hjá öðrum ríkisstofnunum á árinu 2006.

**Vörustýring OEBS.** Áfram var haldið með innleiðingu vörustýringar á LSH. Kerfið var einnig sett upp hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA) og tókst sú uppsetning vel. Bæði var farið af stað með endursölu til deilda strax á fyrsta degi, auk þess sem tenging við fjárhag var einfölduð og sparar það mikla vinnu. Með þessum áfanga er stigið stórt skref í að opna möguleika fyrir stofnanir að hefja samstarf um innkaup á vörum og dreifingu þeirra innan kerfisins.

Einnig voru tekin í notkun strikamerki á nokkrum endalagerum LSH sem einfalda alla þjónustu við notendur, fækka villum og spara vinnu. Miklar vonir eru bundnar við frekari útbreiðslu þeirra. Þá var tekinn í notkun XML skemtamiðlari í Oracle og eru nú reglulega sendar pantanir á rafrænu formi til nokkurra birgja frá LSH og FSA. Einnig var unnið að því að geta tekið við reikningum á rafrænu formi og er stefnt að því að hefja notkun þeirra á árinu 2006. Litið er björtum augum til þessa verkefnis.

Helstu verkefni við Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) á árinu beindust að áframhaldandi þróun kerfisins. Þar var lögð áhersla á aukna hagræðingu fyrir notendur kerfisins og á bættu þjónustu og aukna sjálfsafgreiðslu gjaldandans.

**Greiðslukerfi TBR.** Unnið var að því að bæta kvittanir kerfisins með því að taka upp rafræna geymslu á kvittunum og skrifa kvittanir út í einriti. Þá var sett af stað tilraunaverkefni með rafrænt skírteini fyrir launagreiðendur til að ná í skattakröfur í TBR til aðráttar af launum. Verkefnið þarf að endurmeta þar sem umhverfi fyrirtækja í kringum þessi skil eru vanþróuð.

**Vanskilakerfi TBR.** Unnið var við ferla sem lúta að þriðja manns innheimtu. Hér er um að ræða ferla sem taka til dánarbúa, sameignarfélaga, einstaklingsfélaga, kröfulýsinga í bú og makainnheimtu. Útgáfa með þessum ferlum var tilbúin í árslok. Þá var komið upp nýju ferli vegna innheimtu skattaskulda frá Norðurlöndum og er það í umsjá embættis Tollstjórans í Reykjavík. Loks voru gerðar breytingar á afskriftarferlinu þegar afskriftarnefnd var lögð niður og frumkvæði að framkvæmd afskrifta alfarið flutt til innheimtumanna ríkissjóðs.

**Innheimtukerfi TBR.** Unnið var við eftirlit með gögnum í kerfinu og ýmsar vinnslur settar upp til að auðvelda innheimtumönnum ríkissjóðs eftirlit með innheimtu skatta og gjalda. Nýr þáttur var virkjaður í kerfinu og er það reiknivél sem auðveldar innheimtumönnum að veita upplýsingar til gjaldenda um álag, dráttarvexti og inneignarvexti.

**Bankagreiðslukerfi TBR.** Hannað var nýtt tékkaeftirlitskerfi sem tekur við af eldra kerfi til að halda utan um tékka sem sendir eru út vegna inneigna. Hér er einkum um að ræða tékka vegna bóta til bótaþega, ofgreiddrar staðgreiðslu og ofgreiddra skatta. Eftirstöðvakröfur eru nú sendar beint í kröfupott RB og gjaldendum þar með gefinn kostur á að greiða þær í gegnum sinn vef-banka.





## Fjármál

Rekstrarsviðið í náinni samvinnu við fjársýslustjóra hefur yfirumsjón með fjármálum stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er jafnframt farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá betri heildarsýn á fjármál stofnunarinnar og tryggja nauðsynlega samræmingu verkefna og forgangsröðun. Rekstrarsvið og fjársýslustjóri, ásamt öðrum forstöðumönnum bera einnig ábyrgð á gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma og taka rekstraráætlunir jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk talnalegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Fjárheimildir FJS í fjárlögum og fjárukalögum ársins 2005 námu alls 1.039,7 millj. kr., hækkuðu um 6,5% frá árinu á undan. Skýrist sú hækkun aðallega af viðbótarfjárveitingu sem fengin var til að standa straum af þjónustusamningi við Skýrr hf. um þjónustu við Oracle fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins.

### Yfirlit í millj. kr. á verðlagi hvers árs

	2005	2004	2003
Sértekjur	-2,4	-7,5	-2,2
Rekstrargjöld	394,3	367,1	327,6
Rekstur upplýsingakerfa	483,4	548,0	542,1
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	150,9	155,3	274,8
Annar stofnkostnaður og eignakaup	10,9	10,0	9,8
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>1.037,1</b>	<b>1.072,9</b>	<b>1.152,1</b>
Framlag ríkissjóðs	1.039,7	976,3	1.053,5
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>2,6</b>	<b>-96,6</b>	<b>-98,6</b>

### Uppsafnaðar fjárheimildir í millj. kr.


	2005	2004	2003
Staða í ársbyrjun	48,6	145,2	243,7
Hagnaður/tap	2,6	-96,6	-98,6
<b>Staða í árslok</b>	<b>51,2</b>	<b>48,6</b>	<b>145,2</b>

Töluverðar sveiflur eru í afkomunni þau þrjú ár sem yfirlitið sýnir. Skýrast þær í aðalatriðum af því að kostnaður við innleiðingu á Oracle kerfinu féll til síðar en ráðgert var upphaflega. Þannig kemur fram mikill afgangur frá árinu 2002 sem smám saman er verið að ganga á eftir því sem verkinu hefur miðað áfram og síðan myndast halli árin 2003 og 2004. Í árslok 2005 var fjárheimildastaðan jákvæð um 51,2 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS vegna ársins 2005.


## Starfsmenn og þróun

Í árslok 2005 voru starfsmenn Fjársýslu ríkisins 72 og er það sami fjöldi og árið áður. Myndirnar hér að neðan sýna að karlmenn voru færri eða 28 samanborið við 44 konur og er hlutfall karla því 39% og kvenna 61%.

### FJÖLDI STARFSMANNA Í ÁRSLOK




### KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA



Á árinu voru ráðnir 8 nýir starfsmenn, þar af tveir tímabundið vegna afleysinga. Það hættu 8 starfsmenn á árinu, þar af þrír sem héldu til framhaldsnáms erlendis. Starfsmannavelta var 11,1% samanborið við 8,3% árið áður. Meðalaldur starfsmanna var 46,8 ár,


samanborið við 45,7 árið áður. Fjölmennasti aldurshópurinn eða 25 talsins er á bilinu 46-55 ára eins og kemur glögg fram í myndinni hér að neðan. Meðalstarfsaldur var 11,9 ár samanborið við 11,4 ár árið áður. Hlutfall starfsmanna með þriggja ára starfsreynslu eða meira var 75% og er það eilítið hærra en á síðasta ári.

### ALDURSDREIFING STARFSMANNA



FJS hefur á að skipa breiðum hópi sérfræðinga. Menntun starfsmanna var þannig háttáð að 36% starfsmanna eru með háskólapróf og eru langflestir þeirra viðskiptafræðimenntaðir. Að frátöldum langvarandi veikindum hjá starfsmönnum sem voru rúmlega 500 dagar á árinu 2005, námu veikindafjarvistir um 9,1 degi að meðaltali á starfsmann á árinu, samanborið við 6,4 daga árið áður.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok er birtur innan á kápu hér fyrir aftan.



## Kennitölur

Kennitölur hafa ekki einungis upplýsingagildi heldur einnig margvíslega hagnýta þýðingu við stefnumótun og stjórnun þar sem þær gefa góða vísbandingu um hvernig hefur gengið að ná settum markmiðum. Á næstu árum er stefnt að því að þróa frekar þær kennitölur sem hér eru settar fram þannig að unnt verði að fá marktækan samanburð á milli ára.

## Gerð ríkisreiknings

Meginmarkmið með gerð ríkisreiknings er að birta ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt fæst glögg mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs er eftirfarandi:

	2005	2004
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	15	15
Ríkisstofnanir	255	261
Tilfærsluliðir	129	138
Aðrir liðir	138	134
<b>Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings</b>	<b>537</b>	<b>548</b>

Jafnframt eru í ríkisreikningi birtar lykiltölur úr ársreikningum fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins í B, C, D og E- hluta. Árið 2005 voru þessir aðilar 32 samanborið við 36 árið á undan.

## Eignaskrá ríkisins

Samkvæmt 15. gr. laga um Fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, ber A-hluta aðilum að skila árlega skrá yfir varanlega rekstrarfjármuni til birtingar í ríkisreikningi. Fjöldi eignaskráa sem átti að skila í tengslum við gerð ríkisreiknings 2004 nam alls 287, þar af skiluðu 281 eignaskrá en 6 aðilar uppfylltu ekki lögbundin skil.

## Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum má skipta greiðsluþjónustu FJS í tvennt, þ.e. fyrir ríkissjóð annars vegar og ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir hins vegar.

**Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð** er vegna greiðslna á launum og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til greiðslu reikninga, barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarða, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til innheimtu af veittum lánum og greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka.

Innlegg á bankareikninga	2005	2004
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	177.411	155.319
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	277.711	269.444
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	259.573	242.107
<b>Fjöldi bankainnleggja</b>	<b>714.695</b>	<b>666.870</b>

Tékkar	2005	2004
Fjöldi tékka vegna greiðslu reikninga o.fl.	4.511	5.312
Fjöldi tékka í launavinnslu	2.244	2.504
Fjöldi tékka í barnabóta- og skattvinnslum	54.966	60.344
<b>Fjöldi tékka</b>	<b>61.721</b>	<b>68.160</b>

Fjöldi innleggja jókst um 7,2% á milli ára á meðan tékkum fækkaði um 9,4%. Samanlagt voru þetta um 776 þúsund greiðslur á árinu 2005 og fjölgaði um 5,6% frá árinu á undan. Stefnt er að því að fækka útgáfu tékka enn frekar á næstu árum.

**Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir** nær til allra greiðslna á aðsendum reikningum vegna rekstrarkostnaðar o.fl., styrkveitinga og samninga. Stærri ríkisstofnanir annast hins vegar yfirleitt sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

	2005	2004
Fjöldi ráðuneyta og stofnana í greiðsluþjónustu FJS	99	96
Innheimt skuldabréf, húsaleigusamningar og reikningar	14.423	10.814
Greiddir reikningar	181.922	160.631

### Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt Fjárreiðulögnum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu við bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

	2005	2004
Fjöldi ráðuneyta og stofnana í bókhaldsþjónustu FJS	111	115
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	159	161

### Umsjón og eftirlit með Oracle fjárhagskerfi og SKIL

FJS hefur umsjón með Oracle. Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Þá annast stofnunin lánakerfi ríkisins, SKIL, en það heldur utan um öll veitt og tekin lán ríkisins.

	2005	2004
Stofnanir sem nota Oracle	247	244
Stofnanir utan Oracle	23	32
Fjöldi veittra og tekinna lána	650	1.350



## Útborgun á launum ríkisstarfsmanna

FJS hefur umsjón með nýju mannauðskerfi Oracle. Í kerfinu eru nú greidd laun starfsmanna hjá flestum A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

	2005	2004
Fjöldi launamanna	29.539	29.113
Fjöldi launavinnslna	40	51
Fjöldi launaseðla í útborgunum	279.955	271.948

Á árinu 2005 var innleiðing á launagreiðsluhlutanum í fullum gangi hjá A-hluta aðilum. Í árslok 2005 höfðu allar ríkisstofnanir í A-hluta aðrar en heilbrigðisstofnanir utan Reykjavíkur tekið upp kerfið. Innleiðing þeirra verður á árinu 2006.

## Umsjón og eftirlit með innheimtakerfum

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, Innheimtuskilakerfi og Tekjubókhaldskerfi ríkisins.

	2005	2004
Útgefnir greiðsluseðlar	881.465	650.475
Útgefnir gíróseðlar	725.031	785.980
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.195.580	1.129.693
Útsend innheimtubríf	198.544	200.426

Fjöldi útgefna greiðsluseðla jókst um 35,5% á milli ára en gíróseðlum fækkaði um 7,8%. Samanlagt voru útgefnir seðlar rúmlega 1,6 milljónir á árinu 2005 og fjölgaði um 11,8% frá árinu á undan. Stefnt er að því að flytja útgáfu gíróseðla yfir í greiðsluseðla á næstu árum.

## Skil og uppgjör staðgreiðslu


FJS sér um að skipta og skila innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga, hlutdeild sókna, kirkjugarða o.fl. í tekjuskatti.

	2005	2004
Sveitarfélög	103	105
Kirkjugarðar og sóknir	584	581

## Námskeið

Fjöldmörg námskeið voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2005 af FJS og í samvinnu við aðra, svo sem Skýrr hf.

	2005	2004
Oracle - fjárhagsnámskeið	13	68
Oracle - mannauðsnámskeið	35	60
Vinnustund - námskeið	27	73
TBR - námskeið	-	15
Uppgjör - námskeið	2	-





# Fjársýsla ríkisins

Ársreikningur 2005

Fjársýsla ríkisins  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík  
kt. 540269-7509



## Staðfesting ársreiknings

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. Fjársýsla ríkisins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.


Helstu verkefni:

1. Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
3. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
4. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
5. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
6. Færsla fjárhags- og launabókhalds fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
7. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

Á árinu 2005 nam tekjuafgangur stofnunarinnar 2.582 þús. kr. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi nema 85.668 þús. kr. og eigið fé 51.191 þús. kr.

Fjársýslustjóri staðfestir ársreikning stofnunarinnar með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. apríl 2006



Gunnar H. Hall  
fjársýslustjóri

## Áritun endurskoðenda

### Til fjármálaráðuneytis

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af fjársýslustjóra á ábyrgð hans í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga, og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjársýslu ríkisins á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 19. apríl 2006

  
Sigurður Þórðarson,  
ríkisendurskoðandi

  
Sigurjón Ingi Haraldsson

## Rekstrarreikningur árið 2005

Rekstrartekjur	Skýr	2005	2004
Ýmsar tekjur.....		2.433.870	7.508.678
<b>Samtals</b>	1	<u>2.433.870</u>	<u>7.508.678</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Almennur rekstur</b>			
Launagjöld.....	2	332.649.833	305.521.758
Starfstengdur kostnaður.....	3	6.479.525	5.150.211
Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta.....	4	11.797.819	11.757.154
Prentun og póstburðargjöld.....	5	6.478.246	2.459.881
Sími og tengigjöld.....	6	4.569.439	5.353.950
Leigugjöld.....	7	31.283.496	31.206.280
Viðhald á tækjum og búnaði.....	8	1.004.709	3.807.897
<b>Samtals</b>		<u>394.263.067</u>	<u>365.257.131</u>
<b>Rekstur upplýsingakerfa</b>			
Launagreiðslukerfi.....	9	25.085.679	49.220.209
Tekjubókhaldskerfi.....	10	256.621.360	225.477.735
Bókhalds og áætlunarkerfi.....	11	19.755.456	36.208.019
Fjárhags og starfsmannakerfi.....	12	182.041.443	213.531.326
Innheimtuskilakerfi.....	10,13	0	16.153.592
Forsendukerfi innheimtugagna.....	10,14	0	9.263.836
<b>Samtals</b>		<u>483.503.938</u>	<u>549.854.717</u>
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<u>877.767.005</u>	<u>915.111.848</u>
<b>Stofnkostnaður</b>			
Hugbúnaðargerð f. nýtt fjárh. og starfsm.kerfi	15	136.590.833	141.653.924
Hugbúnaðargerð f. bókhalds og áætlunakerfi	16	8.260.159	2.472.463
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi.....	17	6.005.177	11.177.658
Annar stofnkostnaður og eignakaup.....	18	10.928.025	9.966.623
<b>Stofnkostnaður alls</b>		<u>161.784.194</u>	<u>165.270.668</u>
<b>Gjöld alls</b>		<u>1.039.551.199</u>	<u>1.080.382.516</u>
<b>Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags</b>		( 1.037.117.329)	( 1.072.873.838)
Ríkisframlag .....		<u>1.039.700.000</u>	<u>976.300.000</u>
<b>Tekjuafgangur (halli)</b>		<u>2.582.671</u>	<u>( 96.573.838)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2005

### Eignir

	Skýr	31.12.2005	31.12.2004
Veltufjármunir:			
Ríkissjóður.....	20	85.024.735	91.197.938
Viðskiptakröfur.....		644.216	1.404.383
<b>Eignir alls</b>		<b>85.668.951</b>	<b>92.602.321</b>

### Skuldir og eigið fé

#### Eigið fé

Höfuðstóll í ársbyrjun.....		48.608.388	145.182.226
Tekjuafgangur (halli) á árinu.....		2.582.671	(96.573.838)
	21	<b>51.191.059</b>	<b>48.608.388</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreidd gjöld.....	19	34.477.892	43.993.933
		<b>34.477.892</b>	<b>43.993.933</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<b>85.668.951</b>	<b>92.602.321</b>

## Sjóðstreymi árið 2005

	Skýr	2005	2004
<b>Handbært fé frá rekstri:</b>			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur (halli).....		2.582.671	( 96.573.838)
		<u>2.582.671</u>	<u>( 96.573.838)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur (hækkun).....		760.167	( 750.202)
Viðskiptaskuldir (lækkun).....		( 9.516.041)	( 5.201.129)
		<u>( 8.755.874)</u>	<u>( 5.951.331)</u>
		<u>( 6.173.203)</u>	<u>( 102.525.169)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breyting á stöðu við ríkissjóð.			
Framlag ríkissjóðs.....		1.039.700.000	( 976.300.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		( 1.045.873.203)	1.078.825.169
		<u>( 6.173.203)</u>	<u>102.525.169</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>		0	0
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

## Skýringar með ársreikningi

### Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Fjársýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 144/1994 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekju- og eignaskatta.

### Skráning tekna

Sértekjur stofnunarinnar eru skráðar við afhendingu vöru eða þjónustu.

### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast stofnuninni. Í lok ársins eru áfallin gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi og skuldfærð sem ógreidd í árslok.

### Starfsþáttaskipting

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni eftir verkefnum hennar.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna hvílir á stofnuninni. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Bókhald og fjárvarsla

Rekstrarsvið Fjársýslu ríkisins sér um færslu bókhaldsins fyrir stofnunina en ríkisfjárhirsla annast greiðslu reikninga. Útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins en stofnunin sér um rekstur og viðhald þess.



## Skýringar með ársreikningi

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu samtals 968 millj. kr. og lækkuðu um 36 millj. kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Þar af um 8,5 millj. kr. til að mæta lækkun rekstrarkostnaðar í útgjaldaramma ráðuneytisins. Gert var ráð fyrir að útgjöld vegna reksturs eldra fjárhagskerfis lækkuðu um 31,7 millj. kr., og um 24,7 vegna rekstur eldra launakerfis enda myndi samrekstri þeirra með nýja kerfinu ljúka á árinu. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir að útgjöld hækkðu um 8 millj. kr. vegna aukinnar þjónustu við stofnanir í kjölfar innleiðingar á nýja fjárhags- og mannauðskerfinu. Einnig að hækkun á leigu- og rekstrarkostnaði húsnæðis vegna stækkunar þess næmi 8 millj. kr. Þá hækkaði framlag til rekstrar innheimtuskilakerfis um 7,7 millj. kr. í samræmi við þjónustusamning við rekstraraðila. Loks var gert ráð fyrir 5,5 millj. kr. framlagi til að standa undir kostnaði við að koma á fót nýju rekstrarsviði innan stofnunarinnar til að efla fjármála- og starfsmannastjórn í framhaldi af auknum umsvifum.

Fjárheimildir jukust um 71,6 millj. kr. á árinu. Stofnunin fékk 35 millj. kr. framlag á fjárlögum til almenns reksturs á móti samsvarandi lækkun á stofnkostnaði á viðfangsefninu hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi. Því var öllu varið til hækkunar á launaliðnum. Þá var veitt 27,4 millj. kr. viðbótarfjárveiting til að standa straum af þjónustusamningi við Skýrr hf. um þjónustu á Oracle fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins. Þjónustusamningur sem gerður hafði verið rann út á árinu og tók nýr samningur til þjónustu sem veitt er vegna kerfisins og ýmsa almenna þjónustu og stuðning við notkun þess.

Launabætur námu 7,6 millj. kr. og millifærslur af öðrum fjárlagaliðum 36,6 millj. kr. Þar af voru veittar 32 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við þjónustusamning við Skýrr hf, 4,2 millj. kr. til launa og 0,4 millj. kr. til annarra rekstrargjalda.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu 1.037 millj. kr. og tekjuafgangur af starfseminni 2,6 millj. kr.

<b>Í þús. kr.</b>	<b>Fjárlög</b>	<b>Fjárheimild</b>	<b>Reikningur</b>
Sértekjur.....	(1.100)	(1.100)	(2.434)
Launagjöld.....	262.200	309.000	332.650
Önnur rekstrargjöld.....	82.900	83.300	61.613
Rekstur upplýsingakerfa.....	519.100	519.100	483.504
	864.200	911.400	877.767
Stofnkostnaður upplýsingakerfa.....	98.500	115.611	150.856
Annar stofnkostnaður og eignakaup.....	6.500	13.789	10.928
	105.000	129.400	161.784
	968.100	1.039.700	1.037.117

## Skýringar með ársreikningi

### Framsetning fjárlaga

	Fjárlög	Fjárheimild	Frávik
Sértekjur.....	( 1.100)	( 1.100)	0
Tekjur samtals:	( 1.100)	( 1.100)	0
Almennur rekstur.....	346.200	393.400	( 47.200)
Eldra launakerfi.....	20.500	20.500	0
Tekjubókhaldskerfi.....	229.400	264.500	( 35.100)
Eldra bókhalds- og áætlanagerfi.....	8.200	8.200	0
Fjárhags- og starfsmannakerfi.....	225.900	225.900	0
Innheimtuskilakerfi.....	18.200	0	18.200
Forsendukerfi innheimtugagna.....	16.900	0	16.900
Almennur rekstur samtals:	865.300	912.500	( 47.200)
Tæki og búnaður.....	5.400	5.400	0
Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi.....	9.000	( 26.000)	35.000
Hugbúnaðargerð f. eldra bókh. - og áætl. kerfi	13.000	13.000	0
Hugbúnaðargerð f. fjárhags- og starfsm. kerfi.....	76.500	135.900	( 59.400)
Stofnkostnaður samtals:	103.900	128.300	( 24.400)
Alls:	968.100	1.039.700	( 71.600)

Rekstrarreikningur áráanna 2005 og 2004 sundurliðast með eftirfarandi hætti eftir tegundum:

Í þús. kr.	2005	2004
Sértekjur.....	( 2.434)	( 7.509)
Launagjöld.....	332.650	307.363
Önnur rekstrargjöld.....	61.613	59.735
Rekstur upplýsingakerfa.....	483.504	548.014
	875.333	907.603
Stofnkostnaður upplýsingakerfa.....	150.856	155.304
Annar stofnkostnaður og eignakaup.....	10.928	9.967
	1.037.117	1.072.874

### 1. Tekjur

Tekjur drógust saman um 5,1 millj. kr. milli ára eða um 67,6%. Þóknun af innheimtu fasteignagjalda fyrir Reykjavíkurborg nam 1,5 millj. kr. Fjárslan hafði tæplega 0,5 millj. kr. tekjur af því að færa bókhald fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga samanborið við 1,9 millj. kr. árið áður þar sem það ár var innheimt fyrir þjónustu síðustu fjögurra ára. Lækkun tekna skýrist einnig af því að ekki falla lengur til greiðslur stofnana fyrir viðhald og endurbætur móttöku- og gjaldkerakerfis en þær námu 3,5 millj. kr. árið 2004, en þá var kerfið lagt niður.

Þjónustutekjur.....	2.119.224	7.118.757
Aðrar tekjur.....	314.646	389.921
	2.433.870	7.508.678

## Skýringar með ársreikningi

### Sundurliðanir

#### 2. Launagjöld

Launakostnaður jókst um 27,1 millj. kr. milli ára eða um 8,9%. Ársverk dagvinnulauna voru 72,4 en 71,4 árið áður og hefur þeim fjölgað um 1 eða um 1,4% milli ára. Laun hækkðu í samræmi við kjarasamninga sem gerðir voru á árinu. Jafnhliða samningnum var samið um eingreiðslu til starfsmanna sem m.a. skýrir hækkun aukagreiðslna. Á árinu var unnið við gerð fastlaunasamninga og hafði það í för með sér tilfærslur milli launategunda og hækkun launa á milli ára.

Hluti launa starfsmanna er gjaldfærður á stofnkostnað og auk þess á önnur rekstrarviðfangsefni og er þeirra getið í viðeigandi skýringum.

	2005	2004
Dagvinna.....	213.656.544	193.188.475
Vaktaálagsgreiðslur.....	535.876	678.760
Aukagreiðslur.....	33.535.837	18.783.429
Yfirvinna.....	43.637.478	57.800.372
Launatengd gjöld.....	60.733.764	55.890.082
Alls:	<u>352.099.499</u>	<u>326.341.118</u>
Launagjöld færð á rekstur upplýsingakerfa.....	( 4.569.997)	( 1.840.925)
Launagjöld færð á stofnkostnað.....	( 14.879.669)	( 18.978.435)
	<u>332.649.833</u>	<u>305.521.758</u>

#### 3. Starfstengdur kostnaður

Kostnaðurinn jókst um 1,3 millj. kr. á milli ára eða um 25,8%. Hækkun ferðakostnaðar á milli ára skýrist einkum af námsleyfi starfsmanns. Þá féllu til hefðbundnar ferðir m.a. vegna norræns ríkisbókarafundar í Helsinki, en einnig vegna fundar OECD í París. Risna og gjafir eru að mestu vegna starfsmanna en einnig vegna ýmissa annarra tilefna sem tengjast rekstrinum. Framlög til starfsmannafélags eru vegna þátttöku stofnunarinnar í félagsstarfi starfsmanna.

Ferðakostnaður.....	1.755.017	469.700
Námskeið o.fl.....	471.803	194.367
Akstur.....	1.463.601	1.474.633
Risna og gjafir o.fl.....	789.104	588.511
Starfsmannafélag o.fl.....	2.000.000	2.423.000
	<u>6.479.525</u>	<u>5.150.211</u>

## Skýringar með ársreikningi

### 4. Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta

Kostnaður þessi jókst lítillega milli ára eða um 0,3%. Þjónustugjöld eru greiðslur á bankakostnaði til Seðlabanka Íslands. Útgjöld vegna þjónustugjalda lækka á milli ára þar sem bæði Oracle og gjaldkerakerfið voru rekin samtímis hluta ársins 2004 en árið 2005 var einungis Oracle kerfið notað. Oracle kerfið þarfnast fleiri færslna en gamla kerfið en gjaldskráin hefur miðast við færslufjölda. Á árinu var skrifstofuvöndull stofnunarinnar endurnýjaður.

	2005	2004
Bækur og ritföng.....	2.411.461	2.372.981
Skrifstofuáhöld og aukahlutir fyrir tölvur.....	725.959	140.162
Annar rekstrarkostnaður.....	1.655.588	2.279.588
Hugbúnaðarleyfi o.fl.....	3.323.034	2.002.241
Þjónustugjöld.....	3.400.089	4.106.350
Aðkeyptur akstur.....	281.688	855.832
	<u>11.797.819</u>	<u>11.757.154</u>

### 5. Prentun og póstburðargjöld

Kostnaður þessi hækkaði um 4 millj. kr. milli ára. Sem dæmi um það sem prentað var má nefna tékka fyrir ríkisfjárhirslu og ríkisreikning. Enginn kostnaður var færður á prentun á árið 2004 vegna leiðréttinga það ár.

Prentun.....	4.177.489	0
Póstburðargjöld og flutningsgjöld.....	2.300.757	2.459.881
	<u>6.478.246</u>	<u>2.459.881</u>

### 6. Sími og tengigjöld

Kostnaðurinn lækkar um 0,8 millj. kr. milli ára eða um 14,7%. Kostnaður við símaþjónustu lækkaði í kjölfar útboðs.

Sími.....	4.344.439	4.994.940
Afnotagjöld af skráum og línnum.....	225.000	359.010
	<u>4.569.439</u>	<u>5.353.950</u>

### 7. Leigugjöld

Stofnunin er með aðsetur að Sölvhólsgötu 7 og leigir húsnæðið af Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga. Húsaleiga nam 31,3 millj. kr. og hækkaði um 0,2% á milli ára. Rekstrarfélagið bauð út húsvörsluna og í kjölfarið náðist lækkun á leigukostnaði sem skýrir litla hækkun kostnaðarliðarins milli ára.

## Skýringar með ársreikningi

### 8. Viðhald á tækjum og búnaði

Kostnaður þessi lækkaði um 2,8 millj. kr. milli ára eða 73,6%. Lækkun á kostnaði vegna iðnaðarmanna skýrist af því að á árinu 2004 var tekið í notkun viðbótarhúsnæði á annarri hæðinni, það innréttað og skipulagi þess breytt.

	2005	2004
Iðnaðarmenn.....	146.717	2.563.313
Viðhald skrifstofuvéla og tækja.....	770.036	812.916
Annað.....	87.956	431.668
	1.004.709	3.807.897

### 9. Rekstur launaafgreiðslukerfis

Útgjöld vegna reksturs kerfisins námu samtals 25,1 millj. kr., lækkuðu um 24,1 millj. kr. milli ára eða um 49%. Lækkunin kemur öll fram í þjónustusamningum og viðhaldi og endurbótum á hugbúnaði. Mánaðarleg gjöld fyrir þjónustusamninga lækkuðu þar sem verið er að leggja niður gamla launakerfið. Kostnaður af þjónustu við gamla launaafgreiðslukerfið nam ríflega 7,6 millj. kr. og er hann færður á viðhald og endurbætur. Gjaldfærð laun undir liðnum annað nema tæplega 0,7 millj. kr.

Þjónustusamningar.....	7.922.076	29.846.664
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	9.428.678	12.016.792
Rekstrarleiga tölvubúnaðar .....	4.215.234	4.122.003
Annað.....	3.519.691	3.234.750
	25.085.679	49.220.209

### 10. Rekstur tekjubókhaldskerfis

Útgjöld vegna reksturs tekjubókhaldskerfisins námu 257 millj. kr., hækkuðu um 31,1 millj. kr. milli ára eða 13,8%. Rekstrarsamningarnir eru vegna tekjubókhaldskerfis ríkisins, TBR og einnig TBI. Kostnaður hækkar á milli ára þar sem útgjöld innheimtuskilakerfisins og forsendukerfis innheimtugagna er nú færður á rekstur tekjubókhaldskerfisins. Árið 2004 nam rekstrarkostnaður þessara tveggja kerfa röskum 25 millj. kr. Kostnaður við samning um þróun og viðhald kerfanna nam 99,1 millj. kr. Afnotagjöld eru þjónustugjöld vegna afnota TBR af skráð Hagstofu Íslands.

Rekstrarsamningur.....	150.656.156	123.050.358
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	99.194.200	94.732.367
Afnotagjöld.....	5.874.680	6.376.779
Annað.....	896.324	1.318.231
	256.621.360	225.477.735

## Skýringar með ársreikningi

### 11. Rekstur bókhalds- og áætlanagerfis

Útgjöld vegna reksturs bókhalds- og áætlanagerfis (BÁR), tékkaeftirlitskerfis og Skil námu 19,8 millj. kr. lækkuðu um 16,4 millj. kr. eða 45,4% frá árinu áður. Kostnaður við þjónustusamninga BÁR og rekstur kerfisins lækkaði um 17 millj. kr. þar sem Oracle kerfið hefur yfirtekið gamla fjárhagskerfið. BÁR er nú opið til uppflettinga. Greiðslur Fjársýslunnar fyrir viðhald og þróun kerfisins lækkuðu um 5,7 millj. kr. á milli ára.

	2005	2004
Rekstrarsamningur.....	9.117.259	20.438.190
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	6.866.381	12.495.482
Hugbúnaður.....	1.468.067	1.992.537
Annað.....	2.303.749	1.281.810
	19.755.456	36.208.019

### 12. Rekstur fjárhags- og starfsmannakerfis

Útgjöldin námu 182 millj. kr., lækkuðu um 31,6 millj. kr. milli ára eða um 14,7%. Undir liðinn fellur rekstrarkostnaður og rekstrarsamningar. Lækkunina má rekja til þess að stofnanir taka nú beinan þátt í kostnaði við hýsingu kerfisins. Innifalin í liðnum annað eru gjaldfærð laun starfsmanna og nema þau 3,9 millj. kr. en einnig almennur rekstrarkostnaður t.d. símagjöld að fjárhæð 1,8 millj. kr.

Rekstrarsamningar .....	53.006.076	39.522.950
Samningur um rekstur og hýsingu kerfisins.....	41.496.250	70.518.594
Oracle viðhaldsgjöld.....	74.887.548	85.014.521
Annað.....	12.651.569	18.475.261
	182.041.443	213.531.326

### 13. Rekstur innheimtuskilakerfis

Enginn kostnaður var bókaður vegna reksturs kerfisins þar sem búið er að sameina það tekjubókhaldskerfinu. (Sbr. skýringu nr. 10.)

Þjónustusamningur.....	0	15.847.751
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	0	231.858
Annað.....	0	73.983
	0	16.153.592

## Skýringar með ársreikningi

### 14. Rekstur forsendukerfis innheimtugagna

Enginn kostnaður var bókaður vegna reksturs kerfisins, þar sem búið er að sameina það tekjubókhaldskerfinu. (Sbr. skýringu nr. 10.)

	2005	2004
Þjónustusamningur.....	0	7.098.616
Viðhald og endurbætur á hugbúnaði.....	0	2.158.221
Annað.....	0	6.999
	0	9.263.836

### 15. Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi

Kostnaðurinn lækkar um 5,1 millj. kr. milli ára eða um 3,6%. Helsti kostnaðurinn felst í þjónustusamningum við Oracle kerfið. Launakostnaður starfsmanna Fjársýslunnar sem færður er á viðfangsefnið nam 5,1 millj. kr. Ferðakostnaður er vegna ferðar á Oracle ráðstefnuna „Open world“, en einnig féll til ferðakostnaður innanlands.

Launagjöld.....	5.114.333	10.693.121
Þjónustusamningar um Oracle.....	122.300.000	113.370.000
Sérfræðiþjónusta.....	5.628.497	13.650.573
Ferðakostnaður og ýmis starfstengdur kostnaður.....	3.067.010	3.043.386
Annað.....	480.993	896.844
	136.590.833	141.653.924

### 16. Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlanakerfi

Launakostnaður starfsmanna Fjársýslunnar nam tæplega 3,8 millj. kr. og vinna við uppbyggingu á vöruhúsi gagna fyrir BÁR 4,5 millj. kr.

### 17. Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi

Á viðfangsefnið eru gjaldfærð laun starfsmanns Fjársýslunnar sem vann við verkefnið. Ekki var færður kostnaður við hugbúnaðargerð og er það ástæða þess að kostnaðurinn lækkar um 5.172 bús. kr. milli ára eða um 46.3%.

Launagjöld.....	6.005.177	5.812.851
Hugbúnaðargerð.....	0	5.364.807
	6.005.177	11.177.658

## Skýringar með ársreikningi

### 18. Annar stofnkostnaður og eignakaup

Útgjöld vegna stofnkostnaðar og eignakaupa námu 10,9 millj. kr., jukust um tæplega 1. millj. kr. milli ára eða um 9,6%.

Stækkun á húsnæði árið 2004 hafði í för með sér aukin kaup á húsgögnum og lækkar þessi liður því milli ára. Töluverð hækkun varð á kostnaði við kaup á tölvubúnaði þar sem um er að ræða endurnýjun sem í venjulegu árferði hefði tekið til tveggja ára.

	2005	2004
Húsgögn og búnaður.....	1.190.963	3.222.262
Skrifstofuvélar.....	622.927	288.200
Tölvubúnaður.....	8.619.030	4.974.639
Síma- og fjarskiptabúnaður.....	353.388	1.125.831
Annað.....	141.717	355.691
	<u>10.928.025</u>	<u>9.966.623</u>

### 19. Ógreidd gjöld

Ógreidd gjöld.....	<u>34.477.892</u>	<u>43.993.933</u>
--------------------	-------------------	-------------------

### 20. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok nam krafa stofnunarinnar á ríkissjóð 85 millj. kr. en í upphafi árs 91,2 millj. kr. Staðan hefur þannig lækkað um 6,2 millj. kr. á milli ára.

Staða 1. janúar 2005.....	91.197.938
Ríkisframlag.....	1.039.700.000
Greitt úr ríkissjóði.....	( 1.045.873.203)
Staða 31. desember 2005	<u>85.024.735</u>

### 21. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónýttar heimildir að fjárhæð 51,2 millj. kr. Eigið fé hækkaði um 2,6 millj. kr. á árinu eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

Höfuðstóll 1. janúar 2005.....	48.608.388
Ríkisframlag.....	1.039.700.000
Gjöld að frádregnum sértekjum.....	( 1.037.117.329)
Höfuðstóll 31. desember 2005	<u>51.191.059</u>



# STARFSMENN FJÁRSÝSLU RÍKISINS Í ÁRSLOK 2005

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

## BÓKHALDSSVIÐ

### Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir  
Bryndís Sveinsdóttir  
Brynhildur Birgisdóttir  
Einar Torfi Ásgeirsson  
Guðrún Ingibjörg Alexíusdóttir  
Halldóra Jónasdóttir  
Haraldur Blöndal  
Hildur Hafsteinsdóttir  
Hulda Þórisdóttir  
Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir  
Kristín Hildimundardóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Sigríður J. Valdimarsdóttir  
Sigurpála Birgisdóttir  
Sóley Jakobsdóttir  
Sæþór Skarphéðinsson  
Þórlaug Einarsdóttir

## LAUNASVIÐ

### Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Aðalheiður Tómasdóttir  
Arngrímur V. Angantýsson  
Drífa Ósk Sumarliðadóttir  
Guðrún J. Haraldsdóttir  
Gunnar Finnbogason  
Haraldur Eiríksson  
Heiðbjört Guðjónsdóttir  
Helga S. Helgadóttir  
Hulda Jónsdóttir  
Þóra Kristín Jónsdóttir

## REKSTRARSVIÐ

### Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Böðvar Héðinsson, starfsmannastjóri  
Gunnar Hámundarson  
Hansína Rut Rútsdóttir  
Sigríður Ingólfsdóttir  
Svanhvít Erla Einarsdóttir  
Þórey Erla Ragnarsdóttir

## RÍKISFJÁRHIRSLA

### Magni Steinsson, forstöðumaður

Guðmundur Vigfússon  
Kristín Orradóttir  
Ragna Unnur Helgadóttir  
Sigríður Magnúsdóttir  
Sigríður Vigfúsdóttir  
Thelma Hólm Másdóttir

## TEKJUSVIÐ

### Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður

Guðjón Á. Ríkharðsson  
Hafliði Hörður Hafliðason  
Halldór Jóhann Harðarson  
Harpa Valdimarsdóttir  
Helga Garðarsdóttir  
Hildigunnur Hauksdóttir  
Kristján Geir Ólafsson  
Máni Radmanesh  
Steinvör Edda Einarsdóttir  
Þorvaldur Steinarsson

## TÆKNISVIÐ

### Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason  
Eggert Eggertsson  
Guðbrandur Jón Jónsson  
Guðný G. Guðlaugsdóttir  
Gunnar Guðnason  
Helgi Nielsen  
Jóhann Friðrik Klausen  
Óttar Arnaldsson  
Þorbjörg Þórhallsdóttir

## UPPGJÖRSSVIÐ

### Pétur Jónsson, forstöðumaður

Elín Viola Magnúsdóttir  
Guðný Agla Jónsdóttir  
Guðrún Kristjánsdóttir  
Helga Viðarsdóttir  
Jóhanna Guðbjörnsdóttir  
Jónas H. Jónsson

